

Föstudaginn 11. nóvember 1966.

Nr. 100/1965. **Ragnar Þórðarson f. h. Glaumbæjar**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

**Sigurði Sigurjónssyni**

(Gunnar Jónsson hdl.)

**og til réttargæzlu Sigurbirni Eiríkssyni**

(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál. Ábyrgð á skrásettu firma.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1965 og krefst þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Réttargæzlustefndi krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjanda og úr hendi stefnda.

Fram hefur verið lagt í málinu vottorð borgarfógeta Reykjavíkur, dags. 24. apríl 1964, svohljóðandi: „Ragnar Þórðarson, Öldugötu 2 hér í borg, rekur veitingastarfsemi í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu „Glaumbær“. Tilk. 20/9 1961, skráð 25/9 s. á. Prókúruhafi skráður Guðjón Einarsson, Bogahlíð 16, Reykjavík hinn 26/10 1961. Þetta vottast hérmeð skv. firmaskrá Reykjavíkur.“

Áfrýjandi rak upphaflega veitingahúsið Glaumbæ. Samkvæmt tilboðum og gagnilboðum milli hans og réttargæzlustefnda í maí 1963 tók réttargæzlustefndi við rekstri veitingahússins og vörzlum innanstokksmuna þar. Brátt risu úfar með áfrýjanda og réttargæzlustefnda. Telur áfrýjandi, að réttargæzlustefndi hafi eigi efnt samning þeirra gagnvart sér. Hafi hann þess vegna eigi gefið út afsal til réttargæzlustefnda né skráningu í firmaskrá verið breytt. Hefur

áfrýjandi höfðað mál í riftunarskyni á hendur réttargæzlustefnda hinn 10. marz 1965.

Stefndi í máli þessu skýrir svo frá, að hann hafi unnið sem þjónn í Glaumbæ frá því í júní 1963 samfleytt til í júlí 1964 og síðan öðru hverju á árinu 1964. Hann kveðst hafa litið svo á, að réttargæzlustefndi „væri eigandi Glaumbæjar“, þá er hann réðst þangað, en „níu mánuðum seinna hafi hann komizt að því, að Ragnar Þórðarson væri skrásettur eigandi Glaumbæjar og leigutaki hússins af Framsóknarflokknum, en Ragnar hafi síðan leigt Sigurbirni Glaumbæ.“

Starfsemi sú, sem rekin var í Glaumbæ, er að visu eigi ein þeirra, sem tilkynna skal til firmaskrár samkvæmt lögum nr. 42/1903 um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, sbr. 8., 16. og 35. gr. laganna, en þar sem áfrýjandi hefur fengið því áorkað, að hann var skrásettur sem fullábyrgur eigandi veitingahússins „Glaumbæjar“ og lét þá skrásetningu haldast, þótt réttargæzlustefndi tæki við rekstrinum, þá verður áfrýjandi að bera ábyrgð á kröfum stefnda á hendur „Glaumbæ“, enda eru kröfur þessar eigi vefengdar sem réttar út af fyrir sig, og stefndi hefur eigi misst þann rétt, sem yfirlýsing áfrýjanda til firmaskrárinnar veitti honum sem kaupunaut „Glaumbæjar“, þótt hann teldi sig upphaflega semja við réttargæzlustefnda. Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að staðfesta héraðsdóminn.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7.000.00.

Eigi eru efni til að taka kröfu réttargæzlustefnda um málskostnað til greina.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ragnar Þórðarson f. h. Glaumbæjar, greiði stefnda, Sigurði Sigurjónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Málskostnaður fellur niður, að því er varðar réttargæzlustefnda, Sigurbjörn Eiríksson.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. maí 1965.**

Mál þetta, sem þingfest var 13. maí 1965 og dómtekið sama dag, er höfðað af Sigurði Sigurjónssyni, Sogavegi 176, Reykjavík, með stefnu, birtri 8. maí 1965, gegn Ragnari Þórðarsyni, Öldugötu 2, Reykjavík, f. h. Glaumbæjar, Fríkirkjuvegi 7, Reykjavík, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 15.213.33 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir taxa L. M. F. Í.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi til komna þannig:

1. Á gamlárskvöld 1963 var haldinn dansleikur í Glaumbæ. Í inngangseyrinum var innifalin brauðsneið, sem kallaðist „Gaumbæjarbrauð“. Umsamið var, að þjónar í húsinu fengju greitt af húsinu kr. 10.66 fyrir hverja afhenta brauðsneið. Stefnandi, sem var þjónn á nefndu tímabili, afhenti 63 brauðsneiðar. Skuld stefnda við stefnanda samkvæmt þessum lið nam því kr. 671.58.

2. Um kvöldið 24. marz 1963, er veitingahúsinu var lokað, varð að samkomulagi milli stefnanda og forstöðumannsins, Sigurbjörns Eiríkssonar, að þeir gerðu ekki upp vörusöluna eftir bókum, heldur greiddi stefnandi inn kr. 1.500.00 og síðan yrði þetta gert upp til fullnustu. Stefnandi glataði um tíma kvittuninni fyrir upphæð þessari og hlaut því að greiða að fullu vöruúttektina þetta kvöld eftir bókum án frádráttar.

Skuld samkvæmt þessum lið nemur því kr. 1.500.00.

3. Næsta dag, 25. marz 1964, tók nefndur forstöðumaður við af stefnanda í peningum og ávísunum kr. 2.840.00, og skyldu skiptin gerast upp að fullu síðar. Stefnandi glataði kvittuninni fyrir fjárhæð þessari og fékk af þeim sökum ekki greiðslu á nefndri fjárhæð, er uppgjör fór fram.

4. Þann 26. júní 1964 gerði stefnandi upp við húsið keyptar vörur, en ofgreiddi kr. 627.50. Fékk stefnandi kvittun fyrir nefndri upphæð.

5. Þann 18. september s. á. hætti stefnandi störfum hjá Glaumbæ og skilaði við það tækifæri til baka vínföngum, sem hann hafði áður greitt. Nemur skuld stefnda við stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 1.176.25.

6. Stefnandi vann hjá Glaumbæ á árinu 1963 fyrir kr. 36.000.00

og á árinu 1964 fyrir samtals kr. 84.000.00, eða fyrir samtals kr. 120.000.00, en hafi hins vegar ekki fengið greitt orlof á þá upphæð. Stefnanda beri 7% orlof af kr. 120.000.00 og nemi því skuldin samkvæmt þessum lið 8.400.00.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. 1. nr. 85/1936 að dæma mál þetta eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina.

Orlof samkvæmt 6. lið hér að ofan ákveðst þó 6%, sbr. 3. gr. l. 8/1957 um breytingu á lögum nr. 16/1943, enda hefur stefnandi ekki lagt fram sannanir um það, að honum beri hærra orlof, en stefnandi hætti störfum 18. september 1964, svo sem í stefnu greinir.

Orlofskrafa stefnanda verður því tekin til greina með kr. 7.200.00.

Málskostnaður ákveðst kr. 2.700.00.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, Ragnar Þórðarson f. h. Glaumbæjar, greiði stefnanda, Sigurði Sigurjónssyni, kr. 14.015.33 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags og kr. 2.700.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 11. nóvember 1966.

Nr. 108/1965. **Bæjarstjóri Sauðárkrókskaupstaðar**  
**f. h. bæjarsjóðs** (Þorvaldur Ari Arason hrl.)  
 gegn  
**Jóni Baldurssyni** (Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1965. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt